

Nd.

317. Frumvarp til laga

[176. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. voru flutt á 102., 103., 104. og 105. löggjafarþingi.

Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fái.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svörum hæstvirts samgönguráðherra við fyrirspurnum í Sp. 22. apríl 1980 og 30. nóvember 1981 um útboð verklegra framkvæmda kom fram að því fer fjarri að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd.

Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það að útboð skuli vera aðalstefnan þrátt fyrir þetta ákvæði þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umbóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.